

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

CROMAROD 316LP

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Ryðfrír suðuvír fyrir SMAW málmsuðu.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Landvélar

Framleiðandi:

ELGA AB

Smiðjuvegi 66

S-433 25 Partille

200 Kópavogur

Svíþjóð

Sími: 580 5800

00-46-31-726-4600

Netfang: landvelar@landvelar.is

www.elgawelding.com

Veffang: www.landvelar.is

sds@elga.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg..

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki Engin.

Viðvörðunarorð Ekkert.

Varnaðarmerki Engin.

Hættusetningar Engar.

Varnaðarsetningar Engar.

2.3 Aðrar hættur:

Varan inniheldur nikkell, sem er flokkað sem næmingarvaldur og nokkrar sannanir liggja fyrir um krabbameinsvaldandi áhrif þess.

Við notkun vörunnar í málmsuðu eru helstu hættur eftirfarandi:

- Innöndun gufu og gass frá suðunni getur verið hættuleg heilsu.
- Gætið að slettum, málmsuðu og gjalli. Geta brennt húð og valdið íkveikju.
- Suðugeisli getur skaðað augu og brennt húð.
- Raflost getur verið banvænt. Forðist að snerta óeinangraða hluta virkra rafrása.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Króm			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119485652-31-XXXX	Innihald %	<30
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-157-5	H-setningar	-
CAS	7440-47-3	Flokkun, hættumerking	
Hættuflokkun/Hættusetningar			

Mangan			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	<20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-105-1	H-setningar	-
CAS	7439-96-5	Flokkun, hættumerking	
Hættuflokkun/Hættusetningar			

Nikkel			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119438727-29-XXXX	Innihald %	<20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	T, Carc.2
EINECS, ELINECS	231-111-4	H-setningar	H40, H43, H48/23
CAS	7440-02-0	Flokkun, hættumerking	Eitrað, Krabbameinsvaldandi
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðnæm.1 - H317, Krabb.2 - H351, SEM-EV 1 - H372			

Mólybden			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119472304-43-XXXX	Innihald %	<10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	231-107-2	H-setningar	-
CAS	7439-98-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og látið hann hvílast í þægilegri stöðu sem auðveldar öndun. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Snerting við húð	Leitið lækni við húðbruna.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 10 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Skolið áfram. Leitið lækni við geislunarbruna.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Gufur frá suðu geta valdið ertingu í öndunarferum hjá viðkvæmum einstaklingum.
----------	--

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniútmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, vatnsúði. Á mikinn eld ætti að nota vatnsúða eða froðu.
Óhentugur slökkvibúnaður:	

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Á ekki við.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu og útsog til að halda gufustyrk innan öruggra marka. Notið öndunarbúnað, sé unnið við suðu í þröngum rýmum. Notið hlífðarfatnað og augnhlífir sem hæfa rafsúðuvinnu. Forðist snertingu við húð til að koma í veg fyrir ofnæmisviðbrögð.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Á ekki við.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 7, 8, 12, og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu fyrir suðumenn og aðra nærstadda. Notið öndunarbúnað sé unnið við suðu í þröngum rýmum. Notið hlífðarfatnað og augnhlífir sem hæfa rafsúðuvinnu. Fjarlægjið öll eldfim efni og vökva áður en suðuvinna hefst. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið suðuvír á vel þurrum stað. Geymið ekki á jörðinni eða gólfi, eða fast við vegg. Geymið fjarri sýrum eða öðrum efnavörum sem gætu hvarfast við vírin.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Málmsuða.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífir

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Króm	0,5				EH40/2005 Váhrif á vinnustað
Nikkel	0,5				EH40/2005 Váhrif á vinnustað

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Hafið augnskol tiltækt á vinnusvæði.

Persónuhlífir

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Augnhlífir

Notið viðurkenndan suðuhjál.

Húð - hendur

Notið viðeigandi hlífðarhanska. Forðist snertingu við húð til að koma í veg fyrir ofnæmisviðbrögð.

Húð - annað

Mælt er með notkun vinnufatnaðar sem ver gegn geislun, neistum og raflosti.

Öndunarfæri

Notið öndunarbúnað við suðu í þröngum rýmum. Notið hlífðarfatnað og suðuhjál, ætluð til rafsúðuvinnu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Rafsúðuvír
Lykt:	Engin
Litur:	Grár
Sjálftendrunarmark:	Ekki sjálftendrandi
Sprengifimi:	Ekki sprengifimt
Vatnsleysni:	Óleysanlegt

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast á útverminn hátt við sterkar sýrur.

10.2 Efnafraeðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Hvarfast við sýrur, basa og oxandi efni.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Engin við venjulegar aðstæður.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Forðist snertingu við sýrur, basa og oxandi efni.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Gufur og gas frá suðuvinnu. Að auki geta orðið til gufur frá yfirborðsefnum og óhreinindum á því sem unnið er við. Athugið hugsanleg leyfileg styrkmörk gufu.

Greining á samsetningu gufu	Málmur	% (þungi)	Málmur	% (þungi)	Málmur	% (þungi)
	Fe	4-6	Ni	0,2-0,6	Cu	<0,1
	Mn	3-5	Cr (hluti Cr(VI))	4-6	Pb	<0,1
	F	0-10				

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif

Hár styrkur (gufu) getur haft eftirfarandi áhrif á heilsu fólks: Ásvelging í lungu getur valdið lungnabjúg og lungnabólgu. Skammtímaáhrif geta verið svimi, ógleði og erting í nefi, koki og augum.

Erting/Æting

Á ekki við.

Næming

Getur valdið næmingu í snertingu við húð. Nikkel er algengasti valdur að ofnæmistengdum húðþurrki.

Stökkbreytingar

Á ekki við

Krabbamein

Tiltekin sambönd króms og nikkels, t.d. Cr (VI) eru grunaðir krabbameinsvaldar. Suðugufur gætu valdið krabbameini í fólki.

Bráð eiturrhif, inntaka

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Mangan	LD ₅₀	9000	mg/kg	rotta	
Nikkel	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	
Króm	LD ₅₀	19,8	mg/kg	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif:

Bráð eiturrhif á fiska

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Mangan	LC ₅₀	2,91 mg/l	96 klst	Fiskar	
Mólybden	LC ₅₀	2600 mg/l	96 klst	Fiskar	
Nikkel	LC ₅₀	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	Brachydanio rerio
Króm	LC ₅₀	3,4mg/l	96 klst	Fiskar	Onchorhynchus mykiss

Bráð eiturrhif á þörungum

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Mangan	IC ₅₀	0,55 mg/l	72 klst	Þörungur	
Nikkel	IC ₅₀	0,18 mg/l	72 klst	Þörungur	Selanastrum capricornutum
Króm	IC ₅₀	0,001 mg/l	72 klst	Þörungur	

Bráð eiturrhif á krabbadýr

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Mangan	EC ₅₀	5,2 mg/l	48 klst	Daphnia	
Nikkel	EC ₅₀	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	
Króm	EC ₅₀	0,02 mg/l	48 klst	Daphnia	

Uppsöfnun í lífverum					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Mangan	BCF	59052			Bioconcentration Factor
Nikkel	BCF	16			
Króm	BCF	200			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :
12 01 13 (úrgangur frá logsuðu)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur
IMDG: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur
IATA: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
Ekki er skylt að merkja vöruna samkvæmt tilskipunum EB eða lögum einstakra ríkja.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H317 Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð
H351 Grunað um að valda krabbameini
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif

Útgáfa/Dags: 2 / 7.9.2016

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **ELGA AB**
Safety Data Sheet
CROMAROD 316LP

Útgáfa: 31.3.2016 (2)
Kemur í stað: 11.03.2013